

Aurbleyta og verkföll á Suðurlandi: Bændur óttast, að þeir fái ekki útlenda áburðinn í tæka tíð

Vegirnir yfirleitt orðnir illfærir

Frá fréttaritara Tímans á Hvolsvelli.

Bændur í Rangárvallasýslu eru áhyggjufullir um þessar mundir, og óttast þeir, að þeim takist ekki að fá í tæka tíð útlenda áburð, sem þeir þurfa að nota á vor.

Strætisvagni stolið á Lækjartorgi

Í fyrrakvöld var strætisvagni stolið, þar sem hann stóð á Lækjartorgi. Gerðist þetta á milli klukkan ellefu og tólf um kvöldið. Fannst hann seinna inn með sjó.

Þetta er í þriðja skipti á einu misseri, að strætisvagni er stolið.

Tók bílinn trausta- taki — ók drukkinn og réttindalaus

Í gærmorgun tók drukkinn maður traustataki bíl, sem hann hafði stundum haft aðgang að, og fór á honum inn í Sætún, þar sem hann ók á annan bíl. Eigandi þess bíls var nærstaddur og kom á vettvang með vinnufélaga sinn. Fór hann síðan sjálfur að sækja lögregluna, en fól vinnufélaga sínum að gæta hins ölvaða manns.

Þegar lögreglan kom á vettvang hafði maðurinn, sem átti að gæta hins drukkna bílstjóra ekið með hann í farartæki hans í bifreiðaverkstaði. Fannst ævintýramaðurinn seinna mjög drukkinn í matstofu í bænum, og hafði hann þá ekið bifreiðinni þang að frá bifreiðaverkstæðinu.

Maður þessi hafði ekki einu sinni bílstjóraréttindi.

Áttatíu norsk skip á Grænlandsmiðum

Þorskeiðar Norðmanna við Vestur-Grænland hafa færzt mjög í aukana síðan stöðin í Asgrikohöfn, Örskammt innan við Færeyinga höfn, var stofnsett.

Á þessu vori munu það vera um áttatíu fiskiskip frá Noregi, sem stunda vorfiski á þessum slóðum. Hefir komið til orða að veita þeim fiskimönnum ívilnun um skatta, sem Grænlandsveiðar stunda, þar eð þeir verði að dvelja fjárrí fösturjörð sinni í nær hálf ár við frumstæðustu skilyrði og lélega aðbúð að ölu leyti. Þykir þá líklegt, að fleiri vildu ráða sig á Grænlandsförin en nú er, svo að unnt væri að auka verulega fiskveiðar Norðmanna þar.

Aurbleyta og verkföll.

Vegir austur eru nú illfærir sökum aurbleytu og vaðast upp undan umferðinni, svo að vel getur svo farið, að ófært verði með öllu. Á hinn bóginn eru svo verkföll, sem vandséð er hvenær leysast og koma í veg fyrir, að vegunum sé haldið við og þeir gerðir samsíða færir bifreiðum.

Flutningar aðeins byrjaðir.

Byrjað er að flytja áburðinn austur, en hin vonda færð tefur flutningana stórlega, og geta afleiðingarnar orðið alvarlegar fyrir fjölda bænda, enda þótt reynt verði að fremsta megni að sigrast á flutningaerfiðleikum.

Svipuð vandamál í Árnessýslu.

Bóndi úr Árnessýslu, sem kom í ritstjórnarskrifstofur Tímans í fyrradag, sagði, að við samskonar vanda væri þar að stríða, þar eð vegir í margar sveitir Árnessýslu eru í rauninni ófærir, en lítið af áburði komið heim til bænda.

Farið í sundæfingu um hvítasunnuna

Keppni í samnorrænu sund keppninni hefst hér á landi 20. maí. Eftir að hún er hafin, má til dæmis búast við því, að sundhöllin í Reykjavík verði alla jafna upptekin af fólki, sem tekur þátt í keppni.

Hér í bænum er hins vegar mikið af fólki, sem á sínum tíma hefir lært sund í alþýðuskólunum og annars staðar, en ekki komið í vatn að kalla árum saman. Þetta fólk þarf að efa sig, áður en það tekur þátt í keppninni. Og það eru síðustu forvöð að gera það þessa daga fram að 20. maí.

Merkjasala Hallveig arstaða gekk vel

Merkjasala Hallveigarstaða 4. maí gekk vel að þessu sinni, og munu komnar inn um 18 þúsundir króna, en þó hafa ekki enn borizt full skil utan af landi. Í fyrra gaf merkjasalan af sér um níu þúsund krónur.

Forgöngukonurnar hafa beðið Tímann að færa öllum þakki, sem seldu og keyptu merkin.

Enn jarðlaust á bæj- um í Vopnafirði

Frá fréttaritara Tímans í Vopnafirði.

Góð þiða hefir verið hér að undanfögnu, en þó er enn engin jörð komin upp á þremur innstu bæjum í Selárdal, og hagi enn lítill undir Fjallasíðunni. En snjóinn leysir nú óðum, svo að brátt mun batna um haga.

Jörðin kemur græn undan eldri snjónum, en næturfrost hafa verið, svo að gróðurinn hefir visnað í broddinn.

Síðast var næturfrost á fimmtudagsnóttina.

Ákvæði húsaleigulag- anna um hámarksleigu

Samkvæmt bráðabirgðalögum þeim, sem sett voru fyrir skömmu um hámark húsaleigu og fleiri takmarkanir á ráðstöfunarrétti eigenda á húsnæði, er húsnæði skipt í þrjá flokka, og ákveðin hámarkshúsaleiga á fermetra í hverjum flokki.

Sjó, níu og ellefu krónur.

Í einum flokknum eru hús, sem tekin voru til afnota fyrir 1. janúar 1942, og má leiga vera þar hæst sjö krónur á mánuði fyrir hvern fermetra gólfplatár íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál. Í húsum, sem tekin voru til afnota árin 1942—1945, að báðum meðtöldum, sé hámarksleigan níu krónur, en í húsum, sem farið er að nota eftir 1. janúar 1946 sé hún hæst ellefu krónur.

Húsaleigunefndir eiga að hlutast til um, að þessu sé framfylgt.

Bannað að leigja aðkomumönnum.

Þá er einnig bann lagt við því að leigja aðkomumönnum íbúðarhúsnæði, nema það séu opinberir starfsmenn ríkis eða bæja, þingmenn eða nemendur í skólum ríkisins eða ríkisstyrktum skólum. Þó má húsaleigunefnd veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

Utanhéraðsmönnum er óheimilt að flytja í hús, sem þeir kunna að kaupa í kaupþúni eða kaupstað eftir gildistöku þessara nýju húsaleigulaga.

Listvinasalur, sem op- inn verður árið um kring

Úrval íslenzkrar myndlistar og listmuna
þar til sýnis og sölu

Í dag tekur til starfa hér í bæ nýstárleg stofnun, sem vekja mun ánægju þeirra, sem yndi hafa af myndlist og listmuna-gerð. Hafa tveir ungir menn tekið sig til og gengið fyrir því að stofna „listvinasal“, en svo nefnist þetta nýja menningarfyrrtæki. Stofnunar sem þessi eru vel þekkt fyrirbrigði í flestum menningarlöndum, og er ánægjulegt, að þessari starfsemi hefir nú einnig verið komið upp hér fyrir forgöngu Gunnars Sigurðssonar og Björns T. Björnssonar listfræðings.

Í húsi Ásmundar Sveinssonar.

Listvinasalurinn er í byggingu þeirri, er Ásmundur Sveinsson myndhöggvari reisti á horni Mímisvegur og Freyjugötu, og hefir innréttingu húsnæðisins verið breytt mjög frá því sem áður var.

Sýningarsalurinn er hinn skemmtilegasti, og hlutunum þannig komið fyrir, að listaverkin njóta sín vel. Hafa þeir félagarnir, Gunnar og Björn, lagt mikla vinnu og rækt við að gera salinn heimilislegan og aðlaðandi.

Í listvinasalnum á jafnan að vera til sölu úrval málverka, höggmynda, svartlistar og annarra listmuna, svo sem vefnaðar og silfursmíði. Eingöngu verða þarna munir eftir íslenzka listamenn, og verður skipt að nokkru um listaverk á 10—14 daga fresti. Salurinn verður opin daglega frá 1—8 síðdegis og til hálf-ellefu á fimmtudags- og sunnudagskvöldum. Aðgangur er ókeypis.

Fyrst um sinn verða uppi í salnum listaverk sem hér segir:

Málverk og vatnslitamyndir eftir Ásgrim Jónsson, Barböru Árnason, Gunnlaug Scheving, Hrólf Sigurðsson, Jóhannes Jóhannsson, Jóhannes S. Kjarval, Júlíönu Sveinsdóttur, Karl Kvaran, Kjartan Guðjónsson, Kristján Davíðsson, Magnús Árnason, Sigurð Sigurðsson, Snorra Arinbjarnar, Skarphéðin Haraldsson, Sverri Haraldsson, Valtý Pétursson, Vigdís Einarsdóttir, Þorvald Skúlason, Örlög Sigurðsson. Myndvefnaður eftir Ásgerði Ester.

Höggmyndir eftir Ásmund Sveinsson, Gerði Helgadóttur, Sigurjón Ólafsson.

Grafík eftir Ásgerði Ester, Jón Engilberts.

Silfur eftir Björn Halldórsson.

Keramík frá Laugarnesleir.

(Framhald á 7. síðu.)

Glimumannafund- ur í dag

Stjórn glímuráðsins gengst fyrir almennum glímumanna fundi í Aðalstræti 12 í dag, og hefst fundurinn klukkan þrjú. Á þessum fundi verður rætt um glímulögin nýju.

Akranesbátar með yfir 2 þús. lúður í síðustu viku

Frá fréttaritara Tímans á Akranesi.

Fimm bátar, sem stunda lúðuveiðar frá Akranesi, afla vel í Jökuldjúpi. Í vikunni komu fjórir þeirra inn með ágætán afla. Kellir með 738 lúður rösklega 16 smálestir, Guðmundur Þorlákur 625 lúður 14 smálestir, Böðvar 498 lúður tæplega 11 smálestir og Njáll úr Reykjavík 315 lúður um 7 lestir.



Í Grikklandi var fyrir nokkru fagnað 130 ára sjálfstæði Grikkja. Fór þá meðal annars fram hersýning í viðurvist Páls konungs og ráðuneytis hans. Var mikið um að vera á götum hinnar fornfrægu höfuðborgar Grikkja þennan hátiðisdag.

MJÓLKURSAMLAG SKAGFIRÐINGA:

Fullnaðarverðið til
bænda 1,70 á lítra

Frá fréttaritara Timans á Sauðárkróki.

Aðalfundur mjólkursamlags Kaupfélags Skagfirðinga var haldinn á Sauðárkróki 10. maí, og sátu hann 45 fulltrúar úr öllum deildum, auk stjórnar og samlagsstjóra, Sólbergs Þorsteinssonar.

Rekstur samlagsins gekk vel síðastliðið ár. og varð fullnaðarverðið til bænda 1,70 fyrir lítrann. Mjólkurmagnið jókst um 15,6% á árinu, og varð innvegin mjólk 2,273,503 lítrar. Af því var 19,6% selt sem neytlumjólk.

Reksturskostnaður, afskriftir og sjóðtillög námu 41,56 aurum á hvern lítra.

Skapar eru 16, auk 5 stéttarbræðra þeirra, sem ekki hafa enn sótt um leyfi til ráðherra, en munu gera það á næstunni.

Stjórn félagsins skipa:

Formaður: Gunnar Þ. Þorsteinsson, byggingarfræðingur, Flókagötu 61, Rvík. Ritari: Ingvar Ólafsson, vélafræðingur. Gjaldkeri: Ásgeir Sæmundsson, raffræðingur. Varamaður: Sigurjón Sveinsson, byggingafræðingur.

Halda áfram róðrum

Frá fréttaritara Timans á Akranesi.

Sex bátar eru hættir þorskveiðum frá Akranesi og munu aðrir halda áfram eitthvað yfir hvítasunnu, eftir því sem aflast. Undanfarna daga hafa flestir verið með 6—8 lestir í róðri og afli þeirra, er sækja í Miðnessjó tiltölulega beztur.

Háfur er á miðum linubátanna og gerir usla í fiskinum að venju og spillir veiðunum. Hafa sumir bátanna fengið allt að þremur smalestum af háf í róðri.

Tíðar afskipanir

Akurnesingar hafa ekki séð fram úr störfunum þessa vikuna. Auk hinna venjulegu anna við vinnslu aflans við daglegar gættir, lönduðu þar fjórir lúðubátar og Reykjavíkurtogarinn Akurey 90 smálestum af karfa.

Þrjú skip hafa þar verið að taka afurðir til útflutnings í vikunni. Goðafoss tók beinamjöl og frystan fisk. Arnarfell tók saltfisk til Ítalíu á miðvikudag og Hvassafell er væntanlegt þangað í dag til að ferma saltfisk til Grikklands.

Iðnfræðingafélag
Íslands stofnað

Stofnað hefir verið Iðnfræðingafélag Íslands og var stofnfundur þess haldinn 4. apríl s. l. og framhaldsstofnfundur 4. maí. Félagið hefir aðsetur sitt í Reykjavík, en er félagsskapur allra iðnfræðinga í landinu.

Að félagsskap þessum standa menn, sem fengið hafa iðnfræðiréttindi samkvæmt lögum um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara og iðnfræðinga.

Nú hefir ráðherra viðurkennt menn úr þessum 4 greinum, byggingafræði, flugvélfæði, raffræði og vélfræði.

Þeir iðnfræðingar, sem hlotið hafa viðurkenningu, eru frá eftirtöldum skólum, Tekniska Institutet og Stockholms Tekniska Institut, báðir í Stokkhólmi, Göteborgs Tekniska Institut í Gautaborg og Odense.

Stofnendur þessa félags-

skapar eru 16, auk 5 stéttarbræðra þeirra, sem ekki hafa enn sótt um leyfi til ráðherra, en munu gera það á næstunni.

Stjórn félagsins skipa:

Formaður: Gunnar Þ. Þorsteinsson, byggingarfræðingur, Flókagötu 61, Rvík. Ritari: Ingvar Ólafsson, vélafræðingur. Gjaldkeri: Ásgeir Sæmundsson, raffræðingur. Varamaður: Sigurjón Sveinsson, byggingafræðingur.

Listvinasalur

(Framhald af 8. síðu.)

Kynningar- og fræðslukvöld.

Efnt verður til kynningar- og fræðslukvöldu einu sinni í mánuði, utan sumarmánuðina júlí og ágúst. Á þessum kvöldum verða sýndar kvikmyndir um listir, flutt fræðsluerindi, ný hljómlist, upplestur ungra skálda og rit höfunda og efnt til umræðufunda um list og listastefnur.

Til að standast straum af óumflýjanlegum kostnaði við þessa menningarstarfsemi verður fólki gefinn kostur á að gerast styrktarmeðlimir, og eru fræðslukvöldin ekki opin fyrir aðra. Starfsemi þessi, sem líkja má við brautryðjendastarfi Hins íslenska bókmenntafélags og Tónlistarfélagssins, stendur og fellur með undirtektum almennings, og það væri ekki vanlaust, ef þessi starfsemi gæti ekki þrífist fyrir sinnuleysi bæjarbúa. Svo margir eru þó unnendur fagurra lista í þess um bæ, að til þess ætti ekki að koma.

Styrktarmeðlimirnir eiga svo von í góðri jólagjöf á Þorláksmessu, en þá verður árlega happdrætti um 10—15 listaverk og gilda númer styrktarmeðlimanna sem happdrættismiðar í því happdrætti. Ársgjald styrktarmeðlima er 100 krónur fyrir einstaklinga og 150 fyrir hjón.

Jafnan úrval listmuna.

Í viðtali við Timann í gær fórust þeim félögum, Gunnari og Birni, meðal annars svo orð, að þeir myndu jafnan leitast við að hafa úrval listaverka í salnum sem fjölbreyttast og salinn sjálfan sem vistlegastan. Ný tímarit og bækur um hvers konar listir liggja þar frammi handa gestum til að skoða. Það er metnaðarmál þessarar ungu listastofnunar, að þar verði jafnan aðgangur að því bezta á hverjum tíma til sölu og sýnis, án tillits til einstakra listastefna, eða listamannahópa.

VIGSLA ÞJÓÐLEIKHÚSSINS

Myndarit um undirbúning og vigslu Þjóðleikhússins. Í ritinu er fjöldi mynda, ræður og leikdómar um vigslurit Þjóðleikhússins. — Verð kr. 15.00. Fæst í bókaverzlunum.

Auglýsið í Tímanum.



M.S. ESJA

fer frá Reykjavík kl. 11 árdagis í dag til Keflavíkur og Vestmannaeyja. Mun skipið verða í Keflavík um eitt-leytið og stanza aðeins ítl að taka farþega. Frá Vestmannaeyjum fer skipið kl. 4 á hvítasunnudag áleiðis til Reykjavíkur með sams konar viðkomu í Keflavík og á suðurleiðinni. Enda þótt ferð þessi sé í upphafi aðallega ákveðin vegna starfsmanna á Keflavíkurflugvelli, geta aðrir farþegar fengið að fara með skipinu eftir því sem rúm leyfir.

Úr ýmsum áttum

Frá Vopnafirði.

Jökulfell kom til Vopnafjarðar í fyrrakvöld, og er það lengsta skipið, sem þar hefir lagzt að bryggju. Það tók 106 smalestir af dillakjöti, sem flytja á á markað vestan hafs, og 286 kassa af hraðfrystri ýsu.

Frá fimmta fundi sambandsráðs Í.S.Í.

Fimmti fundur sambandsráðs Í.S.Í. var haldinn í Reykjavík 22. og 23. apríl 1951. Mættir voru allir fulltrúar sambandsráðs, nema fulltrúar Austfirðinga og Norðlendinga, sem ekki gátu mætt sökum erfiðra samgangna.

Fundurinn hófst á því, að forseti sambandsins Benedikt G. Waage, gaf skýrslu um störf framkvæmdastjórnar Í.S.Í. og gjaldkeri sambandsins Þorgils Guðmundsson lagði fram endurskoðaða reikninga Í.S.Í.

Þessi tillaga var meðal annars samþykkt á fundi sambandsráðsins:

„Sambandsráð samþykkir, að af þeim kr. 75.000.00, sem í-þróttanefnd ríkisins hefir veitt Í.S.Í. til íþróttakennslu árið 1951, verði úthlutað þannig: Framkvæmdastjórn Í.S.Í. til sinna sérgreina kr. 30.000.00. Frjálsíþróttasamband Íslands kr. 11.500.00. Knattspyrnusamband Íslands kr. 11.500.00. Skíða samband Íslands kr. 11.500.00. Sundsamband Íslands kr. 9.500.00. Golfsamband Íslands kr. 1.000.00.

Ferðafélag Íslands

ráðgerir að fara skíða- og gönguför á Vífilfell og Bláfjöll á annan hvítasunnudag kl. 1.30 e.h. frá Austurvelli. Ekið upp fyrir Sandskeið, gengið þaðan á Vífilfell og suður í Bláfjöll á Blákoll (685 m.). Þá haldið um Stóra-Kóngafell niður á Sandskeið. Farmiðar við bílana.

Skíðaferðir.

Í Hveradali: Laugardag kl. 6. Hvítasunnudag og á annan kl. 10 og kl. 1.30. Sótt í úthverfin fyrir kl. 10-ferðina.

Stanzað við Vífilfell fyrir þá, sem vilja fara í Bláfjöll, við Kolviðarhól fyrir þá, sem vilja fara í Innstadal og á Hengil, og ekið í Smiðjulaut fyrir þá, sem vilja ganga á Skálafelli.

Ferðir að Skálafelli verða: Laugardag kl. 4, hvítasunnudag og á annan kl. 10.

Skíðadeild K.R.

Skíðafélag Reykjavíkur.

Sími 1517 — Hafnarstræti.

Óháði frikirkjusöfnuðurinn.

Gjafir í Kirkjubyggingarsjóð: Frá J.Á. 200, B.S. 50, Guðjóni 100, og áheit frá Þ. 500.

Gjafir í safnaðarsjóð: Frá I.F. 1,000 og frá Þ.Á. 100.

Kærar þakkir.

H. G.

Maltextraktöl

Bjór

Pilsner

Spur Cola

Engiferöl

Appelsínulímonaði

H.f. Ölgerðin

Egill Skallagrímsson

Reykjavík. Sími 1390. Símnafni Mjóður

KAUPIÐ

RJÚPUR

í hátíðamatinn.

Frystihúsið Herðubreið

Sími 2678.

Uppboð Úr og klukkur

Opinbert uppboð verður haldið í uppboðssal borgar-fógetaembættisins í Arnarhvoli, þriðjudaginn 15. maí n. k. kl. 1.30 e. h. og verða þar seld ýmis konar húsgögn, svo sem:

Ritvélaborð, armstólar, hægindastólar, skápar, legubekkir og borð. Ennfremur rúmfatnaður, fatnaður, borðbúnaður, bækur, leikföng (barnabílar og sandkerrur) og ýmislegt fleira.

Greiðsla fari fram við hamarshögg.

BORGARFÓGETINN

Í REYKJAVÍK.

LÖGUD

fínþúsning

send gegn póströfu um allt land.

Fínþúsningssgerðin

Reykjavík — Sími 6909

Frímerkjaskipti


Sendið mér 100 íslensk frímerki. Ég sendi yður um hæf 200 erlend frímerki.

JON AGNARS.

Frímerkjaværslun.

P. O. Box 356, Reykjavík

sendum gegn póströfu um allt land

Magnús E.
Baldvinsson

Nýja sendibílastöðin

hefir afgreiðslu á Bæjarbílastöðinni, Aðalstræti 16. Sími 1395. —

FÉLAGSLÍF

Í.R. Kolviðarhóll.

Skíðaferðir um helgina (hvíta sunnuna) verða: Laugardag kl. 2 og 6 e.h., sunnudag og mánuðag kl. 10 f.h. Farið verður frá Varðarhúsinu. Stanzað við Vatnsbró, Sundlaugaveg, Sunnuveg og Vogahverfi. Farmiðar við bílana. Nægur snjór er við Kolviðarhól og í Innstadal og færi gott.

Innanfélagsmót í göngu og brúni verður um helgina, ef veður leyfir.

Skíðadeild Í.R.